


ÞJÓÐARPÚLS GALLUP


Apríl 2026

Fylgi flokka ef kosið yrði til borgarstjórnar



| 1.-15. ap. 2026 | 27,6% | 23,2% | 13,5% | 10,7% | 10,0% | 3,9% | 3,8% | 3,5% | 2,5% | 1,5% | 0,0% |
|-----------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|------|-------|------|------|------|
| Kosningar 2022 | 24,5% | 20,3% | | 2,4% | 5,2% | 18,7% | 4,5% | 11,6% | 7,7% | | 4,9% |

Fylgismæling - afstaða



Nokkrar breytingar á fylgi flokka frá síðustu borgarstjórnarkosningum

Nokkrar breytingar hafa orðið á fylgi flokka í Reykjavík miðað við síðustu borgarstjórnarkosningar. Nýtt framboð Vinstrisins á sterka innkomu ásamt því að fylgi Miðflokksins og Viðreisnar hefur aukist nokkuð á sama tíma og fylgi Framsóknarflokks og Pírata hefur minnkað mikið. Tæplega 28% kysu Sjálfstæðisflokkinn ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag, rúmlega 23% Samfylkinguna, rösklega 13% Vinstrið, næstum 11% Miðflokkinn, slétt 10% Viðreisn, nær 4% Framsóknarflokk og Flokk fólksins, ríflega 3% Pírata, tæplega 3% Sósíalístaflokk Íslands og rösklega 1% Okkar borg.

Næstum 8% myndu skila auðu eða ekki kjósa og 18% taka ekki afstöðu eða vilja ekki gefa hana upp.

Þess ber að geta að Góðan daginn framboðið kom fram undir lok könnunartímans og enginn nefndi það framboð eftir að það bættist við.

Ef borgarfulltrúm er skipt út frá niðurstöðu þessarar könnunar fengi Sjálfstæðisflokkur **sjö** borgarfulltrúa, Samfylkingin **sex** fulltrúa, Vinstrið og Miðflokkur **þrjá** fulltrúa hvor, Viðreisn **tvo** fulltrúa og Framsóknarflokkur og Flokkur fólksins sinn hvorn fulltrúann.

Spurt var:

- Ef kosið yrði til borgarstjórnar í dag, hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa?
- En hvaða flokk eða lista er líklegast að þú myndir kjósa?

Niðurstöður sem hér birtast um fylgi flokkanna í Reykjavík eru úr netkönnun sem Gallup gerði dagana 1. - 15. apríl 2026. Heildarúrtaksstærð var 2.138 og þátttökuhlutfall var 40,1%. Vikmörk á fylgi við flokka eru 0,9-3,5%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Útgefið af: Gallup - Lynghåls 4, 110 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: jona.sverrisdottir@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Jóna Karen Sverrisdóttir og Jón Karl Árnason.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson

© Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn. Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil enda sé heimilda getið.